# Fréttatilkynning / News release
# Istorrent ehf.

16. maí 2008 / May 16th 2008
(English version follows below)

Máli fjögurra rétthafasamtaka gegn Istorrent ehf. og Svavari Lútherssyni vegna starfsemi vefsins torrent.is var vísað frá dómi 27. mars síðastliðinn vegna vanreifunar. Það var höfðað þann 23. nóvember 2007 eftir að sýslumaðurinn í Hafnarfirði samþykkti að leggja lögbann á starfrækslu vefsins torrent.is þann 19. nóvember sama ár. Ákvörðun héraðsdóms var áfrýjað 2. apríl til Hæstaréttar sem staðfesti frávísunardóminn 8. maí.

Frávísun héraðsdóms mátti rekja til vanreifunar sem átti sér stað í málinu þar sem ekki var rætt nægilega um hvort að lög um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu ættu við um starfsemi vefsins eða ekki. Dómendum þóttu fyrrnefnd lög nægilega mikilvæg í þessu samhengi til að réttlæta frávísun þar sem túlkun þeirra gæti haft mikilvæg áhrif á úrslit málsins. Hæstiréttur staðfesti frávísunardóminn en af öðrum ástæðum. Í dómi Hæstaréttar kemur fram að sóknaraðilar hafi í greinargerð sinni lýst því yfir að aðilaskipti hafi orðið sóknarmegin í málinu. Hæstiréttur taldi slíka breytingu ekki heimila og vísaði málinu frá að því er varðaði sóknaraðilana Samtök myndréttarhafa á Íslandi, Framleiðendafélagið – SÍK og Félag hljómplötuframleiðenda. Eftir stóð þá aðild STEF en Hæstiréttur taldi að málið væri vanreifað hvað þann aðila varðaði því krafan væri víðtækari en svo að hún tæki aðeins til félagsmanna STEFs.

Samkvæmt nýjustu upplýsingum hafa rétthafasamtökin nú höfðað nýtt mál til staðfestingar lögbannsins sem, ef rétt reynist, hefur þá þýðingu að lögbannið gildir enn. Sætir það furðu enda er erfitt að sjá hvernig hægt verður að bæta úr þeim göllum, sem vörðuðu frávísun málsins, í nýrri stefnu.

Þolendur lögbannsins munu krefjast skaðabóta vegna tjóns sem þeir urðu fyrir vegna lögbannsins.

---

English version (for non-Icelandic readers - not intended as a direct translation of the text above)

The civil case of four associations of copyright holders (plaintiffs) against Istorrent ehf. and Svavar Lúthersson in Iceland regarding the torrent-site torrent.is was dismissed March 27th last week from the District Court of Reykjanes. The lawsuit was filed November 23rd last year after the District Commissioner's office in Hafnarfjörður granted a preliminary injunction on the 19th of November last year. The decision was appealed on April the 2nd to the Supreme Court which confirmed on the 8th of May the district court's decision to dismiss the case.

The case was dismissed at the district court as there were insufficient discussions regarding if the law which grants third party service providers immunity could apply to the site's operation or not. The omitted law was thought to have enough importance in resolving the matter which resulted in the court's inability to decide if the defendants were either guilty or not guilty according to Icelandic law. The Supreme Court agreed that the case was to be dismissed but on different grounds. The judgment states that the plaintiffs, in their pleadings declared that different parties had overtaken the case. Such a change is not authorized and the case was dismissed regarding those parties. What was left was the claims of STEF. However the court found that their

claims were not sufficiently recapitulated and therefore they were also dismissed.

According to recent reports the associations of copyright holders have issued a new subpoena in order to confirm the injunction, which means if true, that the injunction is still in order. It is surprising that a new subpoena has been issued since it is hard to see how the flaws that rendered the case to be dismissed can be fixed with a new subpoena.

The defendants have stated they will seek compensation for the wrongful injunction.